

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 60/2019 um meistaranám við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað „BS-prófi“ í d-lið 2. mgr. 5. gr. reglnanna kemur: BS-gráðu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Í stað „BS-prófi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: BS-gráðu.
- b. Í stað „BS-prófi“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: BS-gráðu.
- c. 1. málsl. b-liðar I. kafla orðast svo: Ef sótt er um meistaranám í ljósmóðurfræði þarf viðkomandi að hafa lokið BS-gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða annarri sambærilegri gráðu.
- d. Í stað „MS-próf“ í 1. málsl. 2. töluliðar II. kafla kemur: MS-gráða.
- e. Í stað orðanna „sambærilegt próf“ í 1. málsl. 2. töluliðar II. kafla koma orðin: sambærileg gráða.
- f. Í stað orðanna „háskóla. Lágmarkseinkunn: 7,25“ í 1. og 2. málsl. 2. töluliðar II. kafla koma orðin: háskólum með lágmarkseinkunn 7,25.
- g. 3. málsl. 2. töluliðar II. kafla orðast svo: Aðgangur að náminu er auk þess háður því að umsækjandi hafi verið ráðinn til starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem lyfjafræðingur í launað sérnám í klínískri lyfjafræði, sem og reglum um fjöldatakmarkanir sem háskólaráð samþykkir hverju sinni.
- h. Í stað „BS-próf“ í 1. málsl. a-liðar V. kafla kemur: BS-gráða.
- i. Í stað orðanna „sambærilegt próf“ í 1. málsl. a-liðar V. kafla koma orðin: sambærileg gráða.
- j. Í stað orðanna „loknu BS-prófi“ í 2. málsl. a-liðar V. kafla koma orðin: lokinni BS-gráðu.
- k. Í stað „cand. odont.-próf“ í 1. málsl. VI. kafla kemur: cand. odont.-gráðu.
- l. Í stað „BS-próf“ í 1. málsl. VI. kafla kemur: BS-gráðu.
- m. Í stað orðanna „sambærilegt próf“ í 1. málsl. VI. kafla koma orðin: sambærileg gráða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- c. Í stað orðsins „prófi“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur orðið: prófgráðu.
- d. Heiti a-liðar II. kafla skal vera: Meistaranám í lyfjafræði (120 einingar).
- e. Staflíður a II. kafla orðast svo í heild sinni: Af 120 einingum meistaranámsins eru 40 einingar rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur að jafnaði á seinna námsári. Umfang rannsóknarverkefnisins samsvarar að lágmarki 20 vikna fullri vinnu af hálfu nemanda.
- f. Heiti b-liðar II. kafla skal vera: Meistarapróf í klínískri lyfjafræði (90 einingar).
- g. Staflíður b II. kafla orðast svo í heild sinni: Námið er skipulagt sem starfstengt nám á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og er 90 einingar. Námið tekur þrjú ár miðað við 50% starfsnám. Hámarksnámsstími er fimm ár. Námið er staðnám og fer að mestu fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- h. Í stað orðsins „loknu“ í 4. málsl. IV. kafla kemur orðið: lokinni.
- i. Í stað „cand. odont.-prófi“ í 4. málsl. IV. kafla kemur: cand. odont.-gráðu.

4. gr.

Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 2. málsl. 11. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „meistarapróf“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- c. Í stað orðanna „sambærilegu prófi“ í 2. málsl. 2. mgr. koma orðin: sambærilegri gráðu.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

- a. Heiti greinarinnar skal vera: *Námsmat*.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- c. Í stað orðsins „meistarapróf“ í 3. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- d. Í stað orðanna „standast próf“ í 1. málsl. I. kafla koma orðin: ljúka gráðu.
- e. Orðin og greinarmerkið „, meistaránámi í“ í 1. málsl. I. kafla falla á brott.
- f. Á eftir orðinu „lyfjafræði“ í 1. málsl. I. kafla kemur orðið: og.
- g. 2. málsl. I. kafla verður 3. málsl. I. kafla.
- h. 3. málsl. I. kafla verður 2. málsl. I. kafla.

7. gr.

Í stað orðsins „Meistarapróf“ í 1. málsl. 15. gr. reglnanna kemur orðið: Meistaragráða.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025